

## LÖG

### um breytingu á lögum um Þjóðminjasafn Íslands, nr. 140/2011 (samstarf við Háskóla Íslands).

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Þjóðminjasafnið er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag.

#### 2. gr.

Við 3. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:  
Stofnunin á samstarf við aðrar stofnanir á háskólastigi samkvæmt sérstökum samningum.  
Samstarf Þjóðminjasafns Íslands og Háskóla Íslands skal byggjast á sérstökum samstarfs-  
og þjónustusamningi um starfstengsl, fjárhagsleg samskipti og skipan sameiginlegra starfa.  
Safninu er heimilt að veita öðrum háskólum landsins þjónustu eftir því sem nánar er  
ákveðið í gagnkvæmum þjónustusamningum við einstaka háskóla.

#### 3. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, 3. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:  
*Rannsóknarstaða tengd nafni dr. Kristjáns Eldjárns.*  
Við Þjóðminjasafn Íslands skal vera sérstök rannsóknarstaða kennd við dr. Kristján  
Eldjárn.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 9. apríl 2013.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Katrín Jakobsdóttir.*